

Alþingi
Erindi nr. P 139/2909
komudagur 12.5.2011



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 12. maí 2011
Tilv.: IRR11040100/0.13.2

Efni: Endurnýjun björgunarbúnaðar Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss

Innanríkisráðherra vísar til ályktunar Alþingis frá 31. mars sl. þar sem ráðherra er falið að kanna nauðsyn þess að endurnýja björgunarbúnað Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss. Ráðherra leitaði álits Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar Íslands á erindinu.

Siglingastofnun staðfestir að öryggisbúnaður Herjólfss uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til hans samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 666/2001 um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum. Að mati Vegagerðarinnar, sem ábyrgð ber á ferjusiglingum milli lands og eyja, er ekki tilefni til að gera úttekt á öryggisbúnaði Herjólfss. Fyrir því eru færð þau rök að búnaður skipsins er fyrir 524 farþega en hámarks heimilaður farþegafjöldi er og verður 300 farþegar skv. núverandi skírteini (mætti vera allt að 399 farþegar), sem þýðir að miklu meiri búnaður er á hvern farþega en áður. Þá er, skv. ákvæðum reglugerðar 666/2001, er einungis heimilt að nota Herjólf á B-siglingaleiðum, þ.e. milli Vestmannaeyja og hvort sem er Þorlákshafnar eða Landeyjahafnar fram til 1.10.2015. Það eru því aðeins fjögur ár eftir af líftíma Herjólfss í núverandi siglingum og mjög ólíklegt er að fjárfestingar í nýjum öryggisbúnaði Herjólfss muni skila sér að neinu leyti í endursölu skipsins, þar sem núverandi búnaður mun uppfylla alþjóða- og fjölþjóðareglur um fyrirsjáanlega framtíð.

Með vísan til þessa er það niðurstaða Innanríkisráðherra að sá öryggisbúnaður sem nú er í Vestmannaeyjaferjunni Herjólfri uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkt búnaðar og sé nægilegur á þeim siglingaleiðum sem Herjólfur hefur heimildir til að sigla á. Því er ekki þörf á að endurnýja búnaðinn.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbergur Björnsson

Sigurður Örn Guðleifsson